

ÚTGEFIÐ EFNI – 2015

ÍSLENSKA

Bankaránið – Smábók

Smábókaflokkur Námsgagnastofnunar er skipt í fimm þyngdarstig og *Bankaránið* er í 4. flokki.

Milli himins og jarðar – Köngulær – Bók og gagnvirk rafbók

Köngulær er fyrsta bókin í lestrarflokki *Milli himins og jarðar*. Í efninu er reynt að höfða til áhugamála og hugðarefna nemenda á yngsta stigi grunnskólans og er ætlað þeim sem hafa náð undirstöðuatriðum lestrar. *Köngulær* er einnig gefin út sem gagnvirk rafbók.

Lesrún; lesa, skilja, læra – Rafbók

Lesrún – lesa, skilja, læra, er einnota verkefnabók einkum ætluð nemendum í 3. og 4. bekk grunnskólans en gæti einnig hentað eldri nemendum þar á meðal nemendum með annað tungumál en íslensku. Gengið er út frá því að nemendur hafi náð vissri lestrarfærni áður en þeir takast á við *Lesrúnu*.

Sestu og lestu – Flokkur lestrarbóka

Efni ætlað börnum á yngsta og miðstigi grunnskólans sem hafa náð tókum á undirstöðuatriðum lestar. Bókunum er ætlað að vekja með börnum lestrargleði og áhuga og kynna fyrir þeim mismunandi framsetningu texta. Aftast eru nokkur viðfangsefni sem ætlast er til að börnin vinni saman í næði.

- » *Hundakúnstir* – Bók, gagnvirk rafbók og hljóðbók
- » *Vélmennið í grásinu* – Bók, gagnvirk rafbók og hljóðbók

Í sama flokki eru bækurnar: *Danski draugurinn*, *Leitin að haferninum* og *Ávintýri á Ingólfsfjalli*.

Ferðir Ódysseifs

Bók fyrir yngsta og miðstigi grunnskóla. Í Hómerskviðum er sagt frá ferðum Ódysseifs á leið heim úr tíu ára stríði við íbúa borgarinnar Tróju. Heimferðin er þyrnum stráð og Ódysseifur konungur lendir margsinnis í lífsháska og það þarf að berjast við furðuskepnur, náttúruhamfarir og yfirnáttúruleg fyrirbæri. Hér er sagan endursögð á lipru máli sem hentar breiðum hópi lesenda.

Heimur í hendi; Hraðar – hærra – sterkar

Hraðar – hærra – sterkar er í flokki leshefta fyrir mið- og unglingastig grunnskóla. Í heftinu er fjallað um sögu Ólympíuleikanna að fornu og nýju; sumarleika, vetrarleika, smáþjóðaleika, Ólympíuleika fatlaðra og um þátttöku Íslendinga á Ólympíuleikunum og ýmsa athyglisverða fróðleiksmola sem sem tengjast þessum stærsta íþróttaviðburði veraldar. Aftast eru orðskýringar og fjölbreytt verkefni. Áður eru komnar út í sama flokki: *Á ögurstundu*, *Sitthvað á sveimi*, *Á flandri* og *Stöngin inn*.

Orðspor 1 – Bók, hljóðbók og rafbók

Orðspor 1 er fyrsta bókin í heildstæðu námsefni í íslensku fyrir miðstigi grunnskóla. Nemendur kynnst uppruna íslenskunnar, fá að grúska og grafa upp fróðleik um hitt og þetta, eflast í framsögn, tjáningu, ritun, hlustun og lestri. Bókin er einnig til sem hljóðbók og rafbók.

Auðlesnar sögubækur fyrir mið- og unglingastig grunnskóla.

Flokkur sögubóka á léttu máli fyrir mið- og unglingastig grunnskóla.

- » *Draugaljósið*
- » *Gleraugun hans Góa*

Áður er komin út bókin *Lyginni líkast*

Brennu-Njáls saga 1 og 2

Brennu-Njáls saga, er í flokki bóka sem eru endursagnir á þekktum skáldsögum. Í lok bókarinnar eru nokkrar þælingar sem gott væri að hafa í huga við lestur sögunnar. Njála er án efa vinsælasta og þekktasta Íslendingasagan. Persónur hennar eru litríkar og stórhuga og atburðarrásin spennandi og dramatísk.

Logar – Texta- og verkefnabók í íslensku

Logar er síðasta bókin af þremur í flokki námsefnis í íslensku fyrir unglingastig. Í Logum fá nemendur meðal annars tækifæri til að kynna sér bókmenntahugtök, bókmenntastefnur, myndasögur og Íslendingasögur, kvikmyndir og leikritun. Eins og í fyrri bókum er haldið áfram að takast á við íslenskuna með sköpun, skynjun og rannsóknarvinnu. Áður hafa komið út *Kveikjur* og *Neistar*.

Málið í mark – Vinnuhefti og vefur Óbeygjanleg orð

Vinnuheftið *Málið í mark – Óbeygjanleg orð* er eitt af þremur heftum í íslenskri málfræði fyrir unglingastig. Í heftinu eru fjölbreytt verkefni til þjálfunar í tengslum við óbeygjanleg orð og ýmis atriði málfræði og málnotkunar, s.s. margræðni orða, víðtæk og sértæk orð, málshætti, beina og óbeina ræðu. Áður eru komin út heftin, *Sagnorð* og *Fallorð*. Verkefni úr bókunum eru flest gagnvirk á vefnum *Málið í mark*.

Málið í mark – Vefur

Á þessum vef eru gagnvirkar málfræðiæfingar í íslensku fyrir unglingastig. Æfingunum er skipt í þrjá flokka, fallorð, sagnorð og óbeygjanleg orð.

Bókmenntir fyrir efri bekkni grunnskóla

- » „*Mér er í mun ...*“ – Rafbók er þriðja bókin í flokki kennslubóka í bókmenntum fyrir unglingastig. Stiklað er á stóru í íslenskri bókmenntasögu, dæmi eru tekin, þjóðþekkt skáld eru kynnt en jafnframt eru verk yngri höfunda skoðuð. Sú leið var farin að byrja á yngstu skáldunum og fíkra sig svo aftur í tímann, allt aftur til hinna fornu Hávamála. Í bókinni er því hægt að lesa og bera saman texta sem ná yfir allt að ellefu hundruð ára bókmenntasögu Íslendinga.
- » *Sérðu það sem ég sé?* – Bók, hljóðbók og rafbók er fyrsta bókin af þremur í flokki kennslubóka í bókmenntum fyrir efri bekkni grunnskóla. Í þessari bók fá nemendur tækifæri til að skyggjast inn í þær bókmenntir sem skrifaðar hafa verið fyrir börn og unglinga í yfir hundrað ár. Bókin skiptist í þrjá meginhluta þar sem fjallað er um ákveðin tímabil í bókmenntasögunni frá aldamótum 1800 og fram á okkar daga. Kennsluleiðbeiningar koma á vef.

Tákn með tali – Vefur

Tákn með tali (TMT) er tjáskiptaaðferð sem notuð er með einstaklingum með mál- og talörðugleika. Aðferðin byggir upp á einföldum hreyfitáknum sem notuð eru á markvissan hátt til stuðnings töluðu máli.

NÁTTÚRUFRÆÐI/EDLISFRÆÐI

Eðlisfræði 2 – Bók og hljóðbók

Eðlisfræði 2 er í flokki kennslubóka í náttúrufræði sem kallast *Litróf náttúrunnar*. Efnið er ætlað efstu bekkjum grunnskóla. Bókin skiptist í fjóra meginkafla sem hver um sig skiptast í nokkra undirkafla. Þeir eru *Kraftur og hreyfing*, *Þrýstingur*, *Rafmagn* og *segulmagn* og loks *Orka og afl*. Í lok hvers undirkafla eru sjálfspróf.

Refurinn – Fræðslumynd

Eftir langan og kaldan vetur gýtur læða yrðlingum og þá hefst ævintýrlegur lífsferill. Yrðlingar fæðast blindir, tínast að heiman og bjarga sér sjálfir. Leita sér að maka, byggja upp óðal, eignast sitt sitt fyrsta got og ala upp nýja kynslóð yrðlinga. Hringnum er lokað. Myndin er að mestu tekin á Hornströndum.


SAMFÉLAGSGREINAR

Komdu og skoðaðu eldgos – Bók og gagnvirk rafbók

Bók í flokknum *Komdu og skoðaðu ...* Við gerð bókarinnar var tekið mið af áherslum námskrár í náttúrufræði og samfélagsgreinum. Í þessari bók, sem er einkum ætluð nemendum á yngsta stigi er fjallað um orsakir eldgosa og jarðskjálfta og viðbrögð við þeim, uppbyggingu jarðar, jarðskorpufleka og eldgos á Íslandi. Kennsluleiðbeiningar má finna á vefnum með *Komdu og skoðaðu* flokknum.

Könnum kortin 2 – Verkefnabók

Í bókinni *Könnum kortin 2* eru verkefni sem reyna meðal annars á skilning á áttum, hnitum, mælingum, kortalestur og lestur á myndritum. Verkefni henta best fyrir nemendur á yngsta- og miðstigi grunnskólans. *Könnum kortin 1* kom út árið 2014.



Víkingaöld – Hljóðbók

Hljóðbók með samnefndri bók, ætluð nemendum á miðstigi grunnskóla. *Víkingaöldin 800–1050* er þemahefti um fólk í Norður-Evrópu á víkingaöld.

Norðurlönd – Gagnvirk rafbók

Kennslubók í landafræði Norðurlandanna, einkum ætluð nemendum á miðstigi grunnskóla.

Vefrallý um Norðurlönd

Verkefni sem tengjast bókinni *Norðurlönd*. Í þessum verkefnum er ætlast til að nemendur leiti sér upplýsinga á netinu og merki inn á kort og þurfa þeir því að hafa aðgang að tölvu. Forritið Google Earth þarf að vera uppsett á tölvunni sem notuð er við verkefnavinnuna.

Evrópa – Gagnvirk rafbók

Kennslubók í landafræði Evrópu, einkum ætluð nemendum á miðstigi grunnskóla.

Sögugáttin – Flokkur þemahefta fyrir 7.–10. bekk grunnskóla.

- » **Sögugáttin – Fyrstu samfélög** segir frá því hvernig menn hófu að nema land vítt og breitt um heiminn. Í bókinni er fjöldi verkefna.
- » **Sögugáttin – Villta vestrið** fjallar stuttlega um fyrstu árin í sögu Bandaríkja Norður-Ameríku. Í bókinni er fjöldi verkefna.

Í sama flokki eru áður komin komin út heftin: *Sögugáttin – Fyrstu samfélög*, *Sögugáttin – Rokk og röt-tækni* og *Sögugáttin – Tækni og framfarir*.

Kvistir – Myndbútar í náttúrufræði og samfélagsgreinum

Á vefnum er að finna 77 stuttar fræðslumyndir í náttúrufræði og samfélagsgreinum. Vegna ákvæða um höfundarrétt hefur þessum vef verið lokað fyrir almennungi en skólar hafa fengið sent lykilorð inn á hann fyrir kennara. Nánari upplýsingar sigrun@mms.is

Leiðarvísir um mannkynssöguna – Tímalína – Vefur

Saga mannkyns er löng og teygir anga sína til allra heimshorna. Í þessum rafræna tímaási er stiklað á stóru um ýmsa helstu atburði sögunnar. Atburðirnir tengjast stóruppgötunum á sviði tækni og vísinda, skipulögðum trúarbrögðum, stjórnmálum, menningu

og þjóðflutningum. Sérstaklega er reynt að huga að helstu áföngum í þróun mannréttindabaráttu og jafnréttis kynjanna. Hægt er að panta veggspjaldið *Leiðarvísir um mannkynssöguna – Tímalína*.

Sögueyjan 1 og 2 – Gagnvirkar rafbækur

Gagnvirkar útgáfur af *Sögueyjan 1* og *2*. Um er að ræða kennslubækur í Íslandssögu á árunum 870–1520 og 1520–1900 fyrir unglingastig grunnskóla.

Þjóðfélagsfræði – Rafbók

Rafbók með kennslubókinni *Þjóðfélagsfræði*. Bókin er einkum ætluð elstu nemendum grunnskólans.

Um víða veröld – kennslubækur í landafræði fyrir unglingastig

- » *Um víða veröld – Jörðin*, gagnvirk rafbók. Bókinni er skipt í átta kafla og í hverjum þeirra er að finna megintexta, rammagreinar til fróðleiks, ítargreinar um áhugaverð málafni og fjölbreytt verkefni. Í bókinni er fjöldi korta, skýringarmynda og ljósmynda sem útskýrir lesefnið enn frekar.
- » *Um víða veröld – Heimsálfur*, rafbók. Í bókinni er fjallað um efnahagslega og félagslega þróun ólíkra svæða heimsins og það hvernig maðurinn byggir og nýtir jörðina.

LÍFSLEIKNI

Ég, þú og við öll – Kennsluleiðbeiningar

Í kennsluleiðbeiningunum er ýmist stutt umfjöllun um hvern kafla nemendabókar eða nokkra skylda kafla. Síðan koma hugmyndir að verkefnum sem tengjast kaflanum eða köflunum þar sem reynt er að hafa fjölbreytni í fyrirrúmi. Loks er bent á heimildir sem tengjast efninu hverju sinni. Bókin *Ég, þú og við öll* kom út árið 2014.

Hreyfispilið – Spilaborð, kennsluleiðbeiningar og æfingaspjöld

Með spilinu fylgja stuttar kennsluleiðbeiningar og 15 æfingaspjöld þar sem hver æfing er útskýrð á einfaldan hátt. Spilaborðin eru gefin út í tveimur gerðum. Annað er í stærðinni A3 þar sem spilaborð er prentað á báðar hliðar, með og án talna. Hitt spilaborðið er í stærðinni A2, þar er aðeins prentað á aðra hlið og hæglega má líma það á gólf með bókaplásti.

Hvað heldur þú? Um gagnrýna hugsun – Rafbók og kennsluleiðbeiningar

Þessu námsefni er ætlað að skapa vettvang fyrir nemendur og kennara til að ástunda gagnrýna hugsun. Náms efnið kynnir ákveðin tæki til sögunnar í þessum tilgangi en gagnrýnin hugsun sprettur samt ekki fram nema kennarinn hafi einbeittan vilja til að hleypa henni að. **Til að hægt sé að skrifa í bókina á tölvu þarf að hala henni niður og opna í Adobe Reader forriti.**

UPPLÝSINGATÆKNI

Meira sýslað á skólasafni – Rafbók

Saga á vef til að lesa fyrir nemendur og fylgir verkefnabókinni *Meira sýslað á skólasafni* sem er náms efni fyrir skólasöfn ætlað nemendum á aldrinum 8.–10. ára.

Upplýsingatækni – Vefur

Nokkur ný kennslumyndbönd í upplýsingatækni ásamt verkefnum fyrir miðstig hafa bæst inn á vefinn.

- » Hreyfimyndagerð í Pivot – 14 verkefni
- » Stillingar í tölvunni – 15 verkefni
- » Umbrot – Publisher – 13 verkefni
- » Verkefni í Power Point – 14 Verkefni
- » Verkefni í Word – Heimildarskráning – 10 verkefni

TRÚARBRAGÐAFRÆÐI

Kristin trú – Bók og rafróbók

Bókin *Kristin trú* er ætluð til trúarbragðafræðslu á miðstigi grunnskóla. Kristni er líkt og önnur trúarbrögð margbreytileg en hér er gerð grein fyrir lúterskri mótmælendatrú eins og hún er þekkt hér á landi.

TUNGUMÁL

Lige i lommen – Vefur

Vefurinn *Lige i lommen* er ætlaður nemendum í 7.–10. bekk. Hann skiptist upp í sex þemu; bevægelse, velfærd, kommunikation, fremtidsdrømme, mystik og Danmark. Áhersla er á hlustun, tal og samvinnu. Fjölbreytt verkefni eru á vefnum en töluverð áhersla er á notkun snjallsíma við lausn þeirra. Mörg verkefni ganga út á að nýta verkfæri á netinu sem eru án endurgjalds.

Connect – Kennsluleiðbeiningar og gagnvirkar rafróbækur

Efnið er fyrir nemendur á yngsta stigi grunnskóla. Stuttum texta og ríkulegu myndefni er ætlað að stuðla að fjölbreyttri úrvinnslu á grundvelli þemánáms. Kennsluleiðbeiningarnar eru vefsíða með hugmyndum af úrvinnslu og verkefnum til útprintunar og rafræna útgáfu af hverju hefti þar sem textinn er lesinn inn. Efnið byggist upp á þremur stuttum textaheftum, *Atlantic Ocean*, *Celebrations* og *Seasons*. Prentuð útgáfa heftanna kom út árið 2014.

Redy for Action – Bók og rafróbók

Ready for Action er enskuefni fyrir miðstig grunnskóla. Í bókinni eru fjölbreyttir textar í fjórum köflum: Animals, Fun and entertainment, Space og Jobs. Ýmis verkefni eru í bókinni. Kennsluleiðbeiningar og hlustunarefni er væntanlegt í vor í vefútgáfu.

Stærðfræði – Skali

Skali er námsefni í stærðfræði fyrir unglingastig sem býður upp á innhaldsríka og lifandi stærðfræðikennslu. Nemendur öðlast bæði skilning og færni með því að vera virkir og leitandi þegar þeir vinna við stærðfræði. Skali vekur áhuga nemenda með því að tengja stærðfræði við daglegt líf og bjóða upp á fjölbreytta kennslu.

- » **Skali 1B** – Nemendabók, æfingahefti og nemendabók – rafróbók
- » **Skali 2A** – Nemendabók og nemendabók – rafróbók
- » **Skali 2B** – Nemendabók og nemendabók – rafróbók

Stærðfræðitorg

Á Stærðfræðitorginu er að finna tengla við allt rafrænt efni sem fylgir námsefni í stærðfræði í 1.–10. bekk grunnskóla.

TÓNMENT

Tónlist og umhverfi – Yngsta stig. Bók, kennsluleiðbeiningar og hlustunarefni

Þetta námsefni fjallar um tónlist og umhverfi. Um það hvernig tónlistin kemur til okkar úr ýmsum áttum og hvernig við getum búið hana til á svo margan hátt. Efnið er tekið saman með hliðsjón af hæfniviðmiðum aðalnámskrár fyrir tónmennt. Hlustunarefni á CD fylgir kennsluleiðbeiningunum.

Ellen Klara Eyjólfssdóttir
ellen.klara.eyjolfssdottir@mms.is